

Fundur stjórnar UMSB haldinn 30. mars 2017 í UMSB húsinu Borgarnesi.

Mættir: Sólrún Halla Bjarnadóttir, Guðrún Þórðardóttir, Elva Pétursdóttir, Þórður Sigurðsson, Pálmi Blængsson og Kristín Gunnarsdóttir sem ritar fundargerð.

1. - 2. Sambandsstjóri setur fund og ber undir atkv. fundargerð síðasta stjórnarfundar sem er samþ. og undirrituð.

3. Pálmi kynnir helstu verkefni sem eru framundan sem eru sumarfjör og vinnuskóli. Gagnrýni kom fram um að ekki væri búið að auglýsa tíma á Sumarfjörri því foreldrar þurfa margir hverjir að setja niður daga í sumarleyfi núna. Búið er að auglýsa eftir starfsfólki í þessi störf og stefnt að auglýsingu um sumarfjör sem fyrst.

4. Tími og staðsetn. næstu stjórnarfunda. Miðað við að funda síðasta þriðjudag í mánuði og þá verður næsti fundur 25. apríl og Guðrún sér um að finna stað. 23. maí í Borgarnesi. Formannafundur verði 6. júní í Brautartungu K.G. skoðar það. 15. ágúst fundur í Borgarnesi, miðað við kl 20 sem fundartíma. Þegar þangað er komið verður fundartími skoðaður og settur niður í framhaldi.

5. Akstursgreiðslur stjórnar - hefur verið 70 kr pr. km. umfram fyrstu 10 km. samþ að hafa þetta óbreytt.

6. Ís í þing 5 - 6 maí. Sambandsstjóri stefnir að því að fara.

7. Tillögur frá sambandsþingi.

*Velt var upp umræðu á Sambandsþingi um hvort breyta ætti reglugerð vegna kjörs Íþróttamanns Borgarfjarðar en lítil umræða fékkst en stjórn telur ástæðu til að kynna betur hvernig reglugerðin virkar. Eins er spurning um að samræma reglugerðina um kjör Íþróttamanns Borgarfjarðar og reglugerð fyrir afreksmannasjóðinn því þar er talið að eitthvað stangist þar á.

* Stjórn var falið að skipa starfshóp fyrir byggingu fjölnotaíþróttahúss í Borgarbyggð. Nefnd nokkur nöfn sem reyna á að fá í þennan starfshóp og þar fer fyrir Elva Pétursdóttir, Páll Brynjarsson, Pálmi Sævarsson, Sigurður Guðmundsson (fyrirv. samb.stj.) Aðalsteinn Símonarson. Pálma falið að tala við þetta fólk.

* Áskoranir voru samþykktar á þinginu vegna hægagangs Borgarbyggðar í málum Motokrosssvæðisins og Skotfélagsins og B.B hvött til að koma þessum málum í lag. Stjórn UMSB fylgist með og reynir að ýta.

*Athuga þarf hvort Borgarbyggð er með í halda 50 + 2019

* Í ljósi lýðheilsu er sveitarfélagið hvatt til að koma upp æfingatækjum á víðavangi fyrir almenning og þá ekki bara í Borgarnesi.

* Skipa þarf 5 manna uppstillingarnefnd fyrir sambandsþing 2018 og talið heppilegt að gera það á formannafundi næsta haust.

* Næsta sambandsþing var samþykkt að yrði kvöldþing.

* Hvetja þarf ungt fólk á svæðinu til að taka meiri þátt í því sem heitir ungt fólk og lýðræði, en þar eigum við nokkra fulltrúa. * Hugmyndir komu fram um hvort greiða ætti stjórnarfólki laun og hvort það myndi hvetja fólk til þátttöku í stjórnnum - ágætt að ræða þetta.

* Einhvern veginn þarf að gera stjórnarsetu meira aðlaðandi og gera fólki grein fyrir að það geti líka hætt þó engir séu tiltækir að taka við.

Fleira ekki bókað en ýmislegt rætt.

Kristín Gunnarsdóttir.